



Lokaskýrsla Kópavogsbær

Um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
í gegnum verkefnið

Barnvæn sveitarfélög

Kópavogsbær

29. APRÍL 2024



unicef 

fyrir öll börn

KÓPAVOGSBÆR

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Stöðumat.....	7
Aðgerðaáætlun.....	8
1. aðgerð: Fræðsla.	9
2. aðgerð: Snemmtæk íhlutun í leikskóla.	10
3. aðgerð: Okkar skóli.	11
4. aðgerð: Tómsundabátttaka barna af erlendum uppruna.	14
5. aðgerð: Hverfisbundnar forvarnaráætlanir.	16
6. aðgerð: Barnaþing og skólaþing.	19
7. aðgerð: Réttindaskólar.	25
8. aðgerð: Stafræn borgaravitund.	26
9. aðgerð: Betra aðgengi að upplýsingum um stuðning fyrir börn og fjölskyldur í Kópavogi.	28
10. aðgerð: Könnun á viðhorfum fatlaðra barna og foreldra þeirra til þjónustu sveitarfélagsins.	29
11. aðgerð: Umferðaröryggi barna.	32
12. aðgerð: Aukin þátttaka barna í skipulagsmálum.	34
Innleiðing verkefnisins Barnvæn sveitarfélög.....	35
– reynsla í Kópavogi –.....	35
Barnaskýrsla	39
Samantekt	40

Inngangur

Í maí 2021 fékk Kópavogsbær viðurkenningu frá Unicef og Félags- og barnamálaráðuneytinu sem Barnvænt sveitarfélag að undangenginni mikilli vinnu við að innleiða Barnasáttmálann inn í starfsemi bæjarins. Verkefni sem þetta á sér engan endi því stöðugt þarf að minna á, viðhalda og bæta við á þeirri vegferð að viðhalda viðurkenningunni sem Barnvænt sveitarfélag. Frá fyrstu viðurkenningu hefur bærinn haldið áfram að tengja störf sveitarfélagsins við hinar ýmsu greinar Barnasáttmálans og lagt áherslu á fræðslu og samtöl við starfsmenn þannig að þeir þekki til réttinda barna. Á heildina litið hefur gengið vel að vinna áfram að innleiðingu Barnasáttmálans inn í starf bæjarins en verkefninu fylgja áskoranir og ýmsar hindranir sem þarf að yfirstíga. Stýrihópur hefur hist átta sinnum á tímabilinu en oft reyndist erfitt að finna tíma sem hentar öllum.



Mynd 1: Viðurkenningarskjöldur Kópavogsbæjar sem hangir á vegg í Bókasafni bæjarins.

Mörg verkefni úr fyrstu aðgerðaáætlun hafa haldið áfram. Má þar nefna verkefni Menningarhúsanna; Vatnsdropann, alþjóðlegt barnamenningarverkefni leitt af Kópavogi. Verkefnið hefur gert börnum kleift að vera virkir gerendur og sýningarstjórar í mótun menningardagskrár og viðburða fyrir börn. Aðalverkefni Vatnsdropans nefnist Ungir sýningarstjórar og árið 2023 tóku sautján börn úr Kópavogi þátt. Þau voru á aldrinum 8 - 15 ára. Þau héldu til dæmis ráðstefnu í febrúar 2023 þar sem þau buðu til sín sérfræðingum til að ræða málefni sem tengdust hugðar-efnum þeirra og undirbúningi listasýningar sem þau opnuðu á Bókasafni Kópavogs 13. maí 2023¹.



Mynd 2: Börn sem tóku þátt í verkefninu Vatnsdropinn.


Dæmi um annað verkefni sem hefur haldið áfram að þróast og verða betra er verkefnið umhverfismál í síðustu aðgerðaáætlun. Þá var opnuð ný vefsíða um

¹ <https://www.kopavogur.is/is/frettir-tilkynningar/radstefna-ungra-syningarstjora>

náttúru Kópavogs. Það verkefni hefur vaxið og er vefsíðan nú með enn meiri upplýsingar og nýtist vel við náttúrufræðikennslu og fyrir alla aldurshópa².

Í síðustu stöðugreiningu leiddi viðhorfskönnun meðal barna í ljós að börn kvarta gjarnan undan hávaða í skólum. Þótt ekki hafi verið sett á laggirnar ein ákveðin aðgerð í síðustu aðgerðaáætlun vegna þessa hefur málið enga að síður verið skoðað vel. Umsjónaraðili Barnvæns sveitarfélags hefur fundað með því starfsfólki bæjarins er málið varðar. Fulltrúar frá umhverfissviði, menntasviði og stjórnsýslusviði hafa hist til að ræða stöðuna en sú skoðun leiddi í ljós að ýmis vinna er þegar í gangi til að bæta hljóðvist í leik- og grunnskólum. Hljóðvist í eldra húsnæði er stundum ábótavant en í byggingareglugerð frá 2012 var skýrar kveðið á um hljóðvist og gerðar hljóðvistarkröfur við hönnun og byggingu nýs húsnæðis³. Ástand nýrra húsnæðis er því mun betra með tilliti til hljóðvistar. Það breytir þó ekki því að umhverfissvið er stöðugt að bæta hljóðvist í eldra húsnæði. Verkefnum er forgangsraðað til að bregðast við þar sem ástandið er hvað erfiðast. Heyrnartöl standa grunnskólabörnum til boða að nota við vinnu sína í skólanum fyrir þau sem þess óska.

Áfram hefur verið lagt upp úr því að virkja börn til samstarfs og þátttöku á



Mynd 3: Verkerfi til að tryggja reglulega aðkomu barna að málefnum sveitarfélagsins.

forsendum barnanna sjálfra. Þess þarf þó ætíð að gæta að það auki ekki álag á börn eða taki þau frá öðrum verkefnum sem þau vilja eða þurfa að sinna. Einstaklega vel hefur gengið að innleiða skólaping innan allra grunnskólanna og í framhaldinu árlegt barnaping. Í framhaldi af barnapingi eiga börn fund með bæjarstjórn. Fulltrúar allra grunnskóla og ungmennaráðs stýra fundi í bæjarstjórnarsal og bæjarfulltrúar hlusta og bregðast við tillögum barnanna. Í framhaldi er tryggt að allar tillögur barnanna fari í frekari úrvinnslu hjá starfsfólki bæjarins. Við erum stolt af vel heppnaðri innleiðingu þessa verkferils.

Loks er gaman að segja frá nýju verkefni sem ekki var þó í aðgerðaáætlun bæjarins en þótti mikilvægt að bæta við. Verkefnið hefur það að markmiðið að bregðast við vaxandi fjölda ungmenna sem ekki var í skipulögðu námi eða vinnu og mörg hver eiga við skólaforðun að stríða. Því var ráðgjafa og stuðningsþjónusta Molans Ungmennahúss bætt og þar starfar nú ráðgjafi ungmenna í fullu starfi. Verkefnið var tengt við verkefnið „Velkomin“ sem miðar að því að bjóða nemendur með annað móðurmál en íslensku velkomna í samfélagið. Meðal annars var farið í samstarf við Bergið-Headspace um ráðgjafarþjónustu,

² <https://nattura.kopavogur.is/>

³ <https://island.is/reglugerdir/nr/0112-2012>

ungmönnum að kostnaðarlausu. Fulltrúi þeirra hefur viðveru í Molanum einu sinni í viku. Ungmönni geta pantað sér tíma milliliðalaust. Þjónustan er hugsuð fyrir ungmönni á aldrinum 16 - 25 ára. Ungmennaráð lagði áherslu á að þetta verkefni kæmist á legg eins og lesa má úr fundargerð ráðsins:

„Ungmennaráði þykir mikilvægt að styrkja starf ráðgjafa ungmönna í Molanum fyrir nemendur í skólasóknarvanda og að þeir fái hvatningu, ráðgjöf og stuðning til að efla sig.“

Verkefnið Barnvænt sveitarfélag hefur meðbyr meðal kjörinna fulltrúa, stjórnenda og starfsfólks en huga þarf vel að því að verkefnið fléttist inn í starf sveitarfélagsins sem heild og verði eðlilegur hluti af starfi allra starfsmanna. Ef það tekst ekki þá er hætt við að starfsfólk og stjórnendur upplifi að verkefnið skapi auka álag og meiri vinnu sem oft er ekki á bætandi. Að flétta barnaréttindi, byggð á Barnasáttamála, inn í allt starf bæjarins hefur verið leiðarljósið í áframhaldandi starfi okkar sem Barnvænt sveitarfélag.

Stöðumat

Kópavogsbær lauk sinni annari stöðumatsvinnu vegna verkefnisins Barnvænt sveitarfélag í árslok 2022. Stöðumatið var unnið samhliða aðgerðaáætlun bæjarins sem var samþykkt í bæjarráði þann 8. desember 2022. Við stöðumatið var litið til aðgengilegra gagna er varða börn. Við teljum mikilvægt að líta á barnahópin sem heild og fagna góðum árangri og líðan fjölmargra barna sem eru að standa sig vel og eru til algjörRAR fyrirmyndar í námi, íþróttum og félagsstörfum. Á sama tíma og muna þarf eftir jaðarsettum hópum þar sem eru börn sem þurfa sérstaka aðstoð og umhyggju. Lögð er áhersla á að forgangsraða verkefnum þannig að þau sem við teljum mikilvægust komist sem fyrst á áætlun. Þá breytist samfélagið stöðugt og nýjar áskoranir koma upp sem þarf að taka mið af. Á grundvelli stöðumats og stöðu innan sveitarfélagsins var ákveðið að fara í tólf aðgerðir. Ein þeirra miðar að því að efla þekkingu allra á réttindum barna. Við gerum ráð fyrir að með auknum fjölda Réttindaskóla Unicef náum við að auka þekkingu barna, starfsfólks og íbúa auk þess sem fræðsluefni frá Unicef – Akademía muni gagnast vel.

Í viðhorfskönnun meðal barna kom fram almenn ánægja með skólana og skólalóðir en hugmyndum barnanna varðandi endurbætur var komið til stjórnenda viðeigandi sviða og til allra grunnskólanna. Eitt af því sem Kópavogsbær er með í undirbúningi er Barnvænt hagsmunamat. Við vitum að þetta er mikilvægt verkfæri og stefnum á að þróa það í þriðja hring verkefnisins Barnvænt sveitarfélag.

Almennt er mikilvægt að leggja áherslu á gagnkvæma virðingu, sleppa ljótu orðunum og vinna saman í að byggja upp jákvætt og sterkt samfélag þar sem allir geta fengið tækifæri til að blómstra á sínum forsendum. Þetta er leiðarljósið í vinnu okkar.

Aðgerðaáætlun

Aðgerðaáætlun Kópavogsbæjar var unnin samhliða stöðumati sem byggir á gögnum víðsvegar frá; spurningakönnunum, mælaborði barna og alþjóðlegum rannsóknarniðurstöðum svo eitthvað sé nefnt. Öll svið bæjarins hafa umsjón með einhverjum aðgerðum og stöðugt er minnt á að bærinn sé Barnvænt sveitarfélag og hagi vinnubrögðum sínum í takt við það.

Aðgerðir í áætluninni fram til ársbyrjunar 2024 eru eftirfarandi:

1. **Fræðsla** – tengd Barnasáttmála. Verkefni í umsjón stjórnarsýslusviðs.
2. **Snemmtæk íhlutun í leikskóla**. Verkefni í umsjón menntasviðs.
3. **Okkar skóli**. Verkefni í umsjón menntasviðs.
4. **Tómstundapátttaka barna**. Verkefni í umsjón mennta- og velferðarsviðs.
5. **Hverfisbundnar forvarnaráætlanir**. Verkefni í umsjón menntasviðs.
6. **Barnaþing og skólaping**. Verkefni í umsjón menntasviðs.
7. **Réttindaskólar**. Verkefni í umsjón menntasviðs.
8. **Stafræn borgaravitund**. Verkefni í umsjón menntasviðs.
9. **Betra aðgengi að upplýsingum um stuðning fyrir börn og fjölskyldur í Kópavogi**. Verkefni í umsjón velferðarsviðs.
10. **Könnun á viðhorfum fatlaðra barna og foreldra þeirra til þjónustu sveitarfélagsins**. Verkefni í umsjón velferðarsviðs.
11. **Umferðaröryggi barna**. Verkefni í umsjón umhverfissviðs.
12. **Aukin þátttaka barna í skipulagsmálum**. Verkefni í umsjón umhverfissviðs.

Ut anumhald verkefnisins í heild er hjá stjórnarsýslusviði.

Framkvæmd aðgerða

Hér verður farið yfir aðgerðirnar 12 og gerð grein fyrir framgangi hvernar og einnar.

1. aðgerð: Fræðsla.

Markmið aðgerðar er að fjölga í hópi starfsfólks og barna sem þekkja til réttinda barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Framkvæmd aðgerðarinnar var með þeim hætti að fræðslumyndbönd í eigu Unicef voru flutt inn í fræðslukerfi Kópavogsbæjar. Þetta var unnið í góðu samstarfi mannauðsdeildar Kópavogsbæjar og innanlandsdeildar Unicef á Íslandi. Þegar námskeiðin voru komin inn í fræðslukerfið voru þau kynnt fyrir starfsfólki og yfirmenn beðnir um að minna starfsfólk á að taka námskeið í takt við starfstöðvar sínar. Það er almenn reynsla að erfitt getur reynst að fá starfsfólk til að taka rafræn námskeið, jafnvel þótt þau flokkist sem skyldunámskeið. Þrátt fyrir kynningar og hvatningu hefur fjölgað hægar í hópi þeirra sem tekið hafa einhver námskeiðanna en vonast var til. Ein hindrun gæti tengst ábendingu sem barst um að þegar það kæmi fyrir að svör við spurningum eru ekki alveg 100% rétt þá komi upp hindrun í að halda áfram. Fólk þarf þá að skoða erindið aftur og kemst ekki áfram fyrr en reynt hefur verið nokkrum sinnum að svara. Í samráði við Unicef var þessu breytt þannig að ef svör eru ekki 100% rétt þá fær þátttakandinn upplýsingar um hvað er rangt en fær svo að halda áfram með námskeiðið.

Á haustmánuðum 2023 var farið í átak að hvetja fólk til að taka námskeiðin og lögð áhersla á að sem flestir tækju námskeiðin um Barnasáttmálann og um Barnvæn sveitarfélög. Átakið skilaði sér og fleiri bættust í hóp þeirra sem höfðu tekið námskeiðin.

Í byrjun árs 2024 höfðu 646 byrjað að taka eitthvert af námskeiðum Unicef í fræðslukerfi bæjarins, eða tæp 30% af þeim starfsmönnum sem fengu áskorun um að taka námskeiðin. 483 höfðu lokið námskeiðinu en 198 byrjað en ekki lokið því. Mögulega tengist þetta því sem greint er frá hér að ofan um erfiðleika fólks að halda áfram sé svörun ekki 100% rétt. Flestir hafa setið námskeiðin Barnasáttmálann og Barnvæn sveitarfélög. Við hefðum gjarnan vilja sjá þessar tölur eitthvað hærri en þær eru þó í takt við það sem almennt sést varðandi beiðni til starfsfólks að taka rafræn námskeið. Barnasáttmálann og fræðsluskylda sveitarfélagsins er kynnt á nýliðanámskeiðum mannauðsdeildar sem haldin eru mánaðarlega og starfsmenn upplýstir um þau skyldunámskeið sem taka þarf. Nýliðabjálfun á starfsstöðvum er í höndum stjórnenda þar og eru þeir hvattir til að fylgja eftir þátttöku starfsfólks í skyldunámskeiðum.

Velta má fyrir sér hvort mögulega þurfi fleiri aðferðir í fræðslu til starfsfólks en þess ber þó að geta að samkvæmt niðurstöðum stöðugreiningar þá hafa allir starfsmenn heyrt um Barnasáttmálann (100%) og 78% sögðust geta nefnt fjögur réttindi samkvæmt Barnasáttmála. Almenn þekking á réttindum barna hefur vaxið innan bæjarins frá því að innleiðing Barnasáttmálans hófst 2018. Við verðum þó enn vör við að þekking íbúa á því í hverju starf við innleiðingu Barnasáttmálans felst sé takmörkuð. Þessu þyrfti að bæta úr í góðu samstarfi við Unicef.



2. aðgerð: Snemmtæk íhlutun í leikskóla.

Aðgerðin fól í sér að efla málþroska barna, óháð bakgrunni og uppruna barnsins, og veita þeim börnum sem þurfa sérstaka aðstoð viðeigandi stuðning til að ná góðum tókum á íslensku. Góður málþroski og lestrarkunnátta er undirstaða náms og forsenda jafnra tækifæra til virkrar þátttöku í samfélaginu. Aðgerðin byggir meðal annars á niðurstöðum PISA rannsóknar og vaxandi fjölda tilvísana til talmeinafræðinga og sálfræðinga. Milli mála próf sýna jafnframt að börn með íslensku sem annað tungumál ná síður að fylgja jafnöldrum sínum og því brýnt að leggja áherslu á snemmtæka íhlutun gagnvart þessum börnum. Enn fremur sýnir íslensk skýrsla Velferðarvaktarinnar⁴ að börnum sem fæðst hafa erlendis og eiga báða foreldra erlenda, gengur verr að ljúka framhaldsskólanámi. Mikilvægt er því að byrja snemma að aðstoða börn við að efla málþroska og bæta læsi sem er grunnforsenda velgengni í menntun barna.

Verkefnið hefur mestmegnis gengið samkvæmt áætlun en níu leikskólar tóku þátt í verkefninu sem gekk út á gerð handbóka sem hver og einn leikskóli gerir. Fjórir leikskólar kláruðu vinnu sína vorið 2023. Fimm leikskólar eru með verkið í vinnslu. Þar af hafa tveir þeirra lokið handbókunum sem eru nú í yfirlestri hjá sérfræðingum áður en þær verða formlega gefnar út. Í hinum þremur leikskólunum hafa orðið tafir á gerð handbókarinnar vegna stjórnendaskipta. Leikskólaráðgjafi á leikskóladeild hefur tekið að sér að veita stjórnendum þessara leikskóla aðstoð og ráðgjöf við vinnslu handbókanna og er gert ráð fyrir að vinnu við gerð þeirra verði lokið í árslok 2024.

⁴<https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrsalur-og-skrar/Sk%C3%BDsla%20-%20brotthvarf%20%C3%BAr%20framhaldssk%C3%B3lum%2024.01.2022.pdf>

Í aðgerðinni fólst að yfirfara og skýra alla verkferla leikskóla er snúa að mati á málþroska allra barna og viðeigandi stuðning til að ná tökum á íslensku. Allir leikskólarnir hafa unnið markvisst við verkefnið. Þrátt fyrir að handbókarskrifum hafi ekki lokið á tilsettum tíma hefur þekking starfsmanna aukist og verkferlar skýrst til muna. Starf leikskólanna er markvissar með flokkun málörvunarefnis, auk þess sem verkferlar hafa skýrst með aukinni þekkingu starfsfólks. Allir leikskólarnir meta málþroska þriggja til fjögurra ára barna og nota til þess "Efi-2" ásamt því að "Hljóm-2" er lagt fyrir öll elstu börnin. Ýmis önnur skimunartæki eru einnig nýtt. Börnin sjálf komu lítið að skrifum á handbókum en þau eru þátttakendur að því leyti að málþroski þeirra er markvisst örvaður og metinn.

Heildstæð læsisstefna barna er í gildi og aðgengileg á heimasíðu bæjarins. Samkvæmt aðgerðaráætlun tengt innleiðingu menntastefnu er unnið að endurskoðun læsisstefnu sem miðar að því að hún verði uppfærð með hliðsjón af ýmsum breytingum sem orðið hafa í umhverfi barna, niðurstöðum PISA og ekki síst með tilliti til aukins fjölbreytileika í menningu og bakgrunni barna.



3. aðgerð: Okkar skóli.

Þessi aðgerð var innleidd í bæði grunn- og leikskóla. Aðgerðin hafði að markmiði að efla lýðræðislega virkni barna og þjálfna í gagnkvæmri virðingu fyrir skoðunum annarra barna. Verkefnið er ekki síður mikilvægt til að minna þá sem starfa með börnum á að virða skoðanir þeirra. Aðgerðin byggir á niðurstöðum könnunar og rýnihópa meðal barna en þær sýna að bæði leik- og grunnskólabörn vilja hafa meiri áhrif á umhverfi sitt. Innleiðing gekk vel en bæði leik- og grunnskólar fengu sjálfsdæmi til að ákveða hvernig þeir myndu innleiða verkefnið og hvaða aðferðafræði þeir myndu nota í sínum skólum. Sumir leik- og grunnskólanna söfnuðu hugmyndum á hugarflugsfundum, aðrir söfnuðu í þar til gerða hugmyndakassa og enn aðrir rafrænt í gegnum Google Forms. Umsjónarhópar, þar sem stærð hópa var mismunandi eftir skólastigum, fóru yfir hugmyndirnar og kosning var framkvæmd í framhaldinu, gjarnan rafrænt ef því var við komið. Foreldrar og starfsfólk var upplýst um verkefnið Okkar skóli sem felst í því að hver leik- og grunnskóli bæjarins fær sem nemur 1.000 krónum á hvert barn. Upphæðinni ráðstafa börnin sjálf.

Verklag leikskólanna var fjölbreytt en grunnhugsun allra var sú að styrkja lýðræðislega virkni barnanna og gefa þeim ákvörðunarrétt um að bæta aðstöðu þeirra í leikskólanum. Þátttaka barnanna var með ýmsum hætti og í mörgum leikskólum byrjaði verkefnið á fræðslu og að því loknu var tekinn hugarflugsfundur

með börnunum þar sem þau voru spurð opinna spurninga og hugmyndir þeirra skráðar á hugarkort. Spurningar tóku mið af þroska og getu hvers barnahóps. Ýmsar hugmyndir komu fram á hugarkortunum og í framhaldi af þeim var tekið samtal með börnunum til að þrengja hugmyndir þeirra niður í færri hugmyndir. Börnin fengu síðan tækifæri til að kjósa á milli nokkurra hugmynda í allsherjar kosningum með kosningakössum sem voru með myndum af því sem kjósa átti um eða með sjónrænum atkvæðaseðli. Kosningarnar voru að sjálfsögðu leynilegar. Sú hugmynd sem fékk flest atkvæði barnanna var síðan framkvæmd. Verklagið í grunnskólunum var líka breytilegt en samantekt yfir alla skólana er að finna í töflu 1.

Tafla 1: Yfirlit yfir mismunandi aðferðafræði og niðurstöður grunnskólanna.

Skóli	Hugmyndasöfnun	Val	Niðurstöður skólaárið 2023-24
Álfhólskóli	Hugmyndum safnað í hugmyndakassa á yngsta- og miðstigi en í gegnum Google Forms hjá unglingastigi.	Hugmyndum safnað og útbúinn rafrænn kynningarbæklingur á Google sites. Farið yfir og í framhaldinu rafræn kosning.	1.- 4. bekkur: Kósý aðstaða bætt. 5.- 7. bekkur: Kósý svæði útbúið, grjónapúðar og mottur keyptar í stofur. 8.- 10. bekkur: Podcast eða hljóðupptökuherbergi útbúið.
Hörðuvallaskóli	Hugmyndaráð sett á laggirnar með fulltrúum allra bekkja. Fulltrúar kynntu verkefnið og söfnuðu hugmyndum á bekkjafundum.	Hugmyndaráð valdi hugmyndir sem settar voru í rafræna kosningu meðal allra skólastiganna.	Nemendur óskuðu eftir fræðslu um einelti og að hjálpa þeim sem líður illa. Skólinn aðstoðaði með: - Snillinganámskeið fyrir 3-5 bekk. - Kynjafræði fyrir 6.bekk. - Vináttunámskeið í 5.bekk. - Annað: boltakaup fyrir alla árganga.
Kársnesskóli	Nemendaráð kynnti innan skólans. Unglingastigið útfærði hugmyndina í gegnum verkefnaíðað nám; nemendur kynntu sér Barnasáttmálan og útbjuggu myndbönd honum tengdum.	Nemendaráð hvers skólastigs fór yfir hugmyndir, kostnaðarmat og kom með tillögur sem settar voru í kosningu allra skólastiganna.	Hver árgangur valdi spil sem þau nota í skólanum: námsspil, borðspil eða þrautalausnir. Spilin verða til staðar í árganginum næstu ár svo að þegar t.d. nemendur byrja í 5. bekk þá eru ný og spennandi spil í boði sem nemendur í 6. bekk kenna þeim og svo koll af kolli.
Kópavogsskóli	Meðal efsta stigs var leitað eftir hugmyndum á skólapingi. Á yngsta og miðstigi var hugmyndum safnað á bekkjafundum.	Allar hugmyndirnar fóru í rafræna kosningu allra nemenda.	1-4 bekkur: gerðu stofur meira kósý, nýjar bækur og segulkubbar. 5-7 bekkur: gerðu kennslustofur huggulegri. 8-10 bekkur: fengu sófa í kennslustofur.
Lindaskóli	Hugmyndum safnað úr hverjum bekk undir stjórn umsjónarkennara. Hugmyndir fóru í kostnaðarmat hjá stjórnendum.	Kosning meðal nemenda á hverju stigi þar sem kosið var um þær hugmyndirnar sem voru innan kostnaðarramma.	1-4. bekkur: keypti nýja iPad penna. 5-7. bekkur: fót- og körfuboltar í alla bekki og húlahringir, kubbar og frisbee fyrir hvern árgang. 8-10 bekkur: posi í mótuneytið.
Salaskóli	Umsjónarkennarar söfnuðu hugmyndum meðal allra nemenda. Náms- og starfsráðgjafar þemagreindu og röðuðu eftir því hvaða hugmyndir fengu mestan hljómgrunn barna.	Sex manna ráð nemenda frá öllum aldurstigum í samstarfi við námsráðgjafa tóku saman hvaða verkefni voru valin.	Allir árgangar: Samstaða um að bæta umhverfi á göngum og í opnum rýmum skólans, fjölga sófum og kósý hornum.
Smára-skóli	Fjármagni skipt milli aldurstiga. Hugmyndavinna í árgöngum sem komu sér saman um tvær tillögur til að bæta aðstöðu.	Kosið um eina af tillögum hvers aldurstigs.	Á öllum skólastigum var niðurstaðan að gera umhverfið meira kósý með því að fá sófa, púða og mottur í stofur og á ganga.
Snælands-skóli	Allir árgangar settu fram hugmyndir.	Rafræn kosning meðal nemenda á hverju námsstigi.	Yngsta- og unglingastig kusu að fá klifurvegg. Nemendur sjálfir setja listaverk á vegginn. Miðstig kaus að gera huggulegra í "Mæjói", rými sem er við hlið miðstigsgangsins. Sófar og kollar keyptir og nemendur mála sjálfir listaverk á vegg.
Vatnsenda-skóli	Krakkaráð (börn úr réttindaráði, skólaráði og nemendaráði) kynna meðal barna. Allir árgangar koma með tillögur.	Réttindaráð fór yfir tillögurnar og flokkaði. Krakkaráð fór yfir og kostnaðargreindi. Rafræn kosning.	1-4 bekkur: völdu að auka úrvall af boltum fyrir útvist. 5-7 bekkur: vildi að hafragrautur yrði í boði fyrir allan skólann. 8-10 bekkur: valdi upplýsingaskjá í anddyri skólans.

Menntasvið gerði könnun meðal grunnskólanemenda í maí 2023, þar sem meðal annars var könnuð þátttaka barnanna í verkefninu Okkar skóli. Hér verður gerð grein fyrir svörum þriggja spurninga:

Spurt var hvort börn eigi að hafa skoðun á skólastarfinu. 780 svör bárust og svöruðu 58,3% þeirri spurningu játandi, 26,4% sögðust ekki vita það og 15,3% svöruðu spurningunni neitandi.

Þá voru börnin spurð hvort þeim finnst skipta máli að nemendur hafi skoðanir á skólastarfinu. 1.392 börn svöruðu spurningunni og svöruðu 73,2% spurningunni játandi, 20% sögðust ekki vita það og 6,8% svöruðu spurningunni neitandi.

Loks voru börnin spurð hvort þau hefðu tekið þátt í að ákveða í hvað peningarnir í Okkar skóli færu. 65,1% sögðust hafa tekið þátt, 20,4% sögðust ekki hafa tekið þátt og 14,5% sögðust ekki vita það.



4. aðgerð: Tómskundapátttaka barna af erlendum uppruna.

Markmið aðgerðarinnar var að hvetja börn með annað móðurmál en íslensku til að taka þátt í hverskonar tómskundastarfi, en þó með áherslu á íþróttastarf og frístundastarf. Samkvæmt mælingum bæjarins þá nýta börn með annað móðurmál en íslensku ekki frístundastyrki til jafns við börnin sem hafa íslensku að móðurmáli en það kemur skýrt fram í lýðheilsustefnu og menntastefnu bæjarins að jöfnuður til heilsu sé ein af grunnforsendum sveitarfélagsins. Félagsmótun er mikilvægur þáttur í íþróttastarfi og frístundastarfi, það styrkir einstaklinga í að upplifa sig sem hluta af heild, getur tryggt betri árangur í námi auk þess að vera mikilvægur grunnur fyrir farsæla framtíð.

Verklag hefur verið þróað og byggir á því að fylgjast með nýtingu frístundastyrks meðal ÍSAT nemenda (nemendur með íslensku sem annað tungumál) og að forgangsraða verkefnum þannig að skólahverfin þar sem hlutfallið mælist lægst séu sett í forgang. Kópavogsskóli mældist með lægstu nýtingu frístundastyrks og því var ákveðið að leggja áherslu á það skólahverfi fyrst. Á skólaárinu 2023 var teymi stofnað innan skólans og meðal starfsfólks af menntasviði sem annast hvatningu til þátttöku í íþróttastarfi og frístundastarfi meðal ÍSAT nemenda skólahverfisins. Skipulagður var íþróttadagur þar sem ÍSAT nemendum í 1. - 10. bekk var boðið að heimsækja íþróttafélögin í nærumhverfi skólans. Þjálfarar íþróttafélagana tóku vel á móti börnunum og kynntu fyrir þeim fjölbreyttar íþróttir innan síns félags þar sem öllum gafst tækifæri á að taka þátt. Í framhaldi af íþróttadegi barnanna var svo haldinn foreldrafundur fyrir foreldra/forsjáraðila ÍSAT nemenda í 1. - 10. bekk. Á foreldrafundinn mættu þjálfarar íþróttafélaga í hverfinu

ásamt því að annað tómskundastarf var kynnt eins og myndlistarskólinn, tónlistarskólinn og fleiri tómskundaaðilar. Einnig var farið yfir þá þjónustu sem börnum býðst eins og fyrirkomulag á frístundarútu og umsókn um frístundastyrk. Fyrir fundinn var tryggð túlkþjónusta fyrir alla sem á þurftu að halda. ÍSAT börn og foreldrar þeirra á leikskólaaldri voru jafnframt boðin velkomin. Fylgst verður með í framhaldinu hvort aukning mælist í nýtingu frístundastyrks meðal barnanna í skólahverfi Kópavogsskóla. Fyrstu tölur eru lofandi og óx nýtingin á frístundastyrk meðal barna á aldrinum 5 - 18 ára, sem eru af öðru þjóðerni en íslensku, frá 33% upp í 41% frá 2022 til 2023.

Markmið verkefnisins náðust og hefur teymi menntasviðs nú þegar bætt við verkefnið þeirri áherslu að ná enn betur til 5 ára barna í leikskólum skólahverfisins. Til þess hefur nú kennsluráðgjafi ÍSAT nemanda af menntasviði Kópavogsbæjar heimsótt hvern leikskóla með viðveru að morgni í leikskólunum þar sem foreldrum af erlendum uppruna gefst tækifæri til að fá upplýsingar og stuðning er varðar þátttöku í íþrótt- og tómskundastarfi með áherslu á 5 ára börn. Markmið verkefnisins á árinu 2024 verður einnig að þróa starf íþrótt- og frístundatengils sem verði foreldrum/forsjáraðilum barna sem hafa annað móðurmál en íslensku til ráðgjafar og stuðnings til þátttöku í samfélaginu Kópavogur. Hlutverk starfsfólks grunn- og leikskóla, frístundar og félagsmiðstöðva verður að finna börn og unglunga sem eru óvirk í íþróttum, frístundum eða öðrum tómskundum, en hefðu áhuga á að prófa. Hlutverk íþrótt- og frístundatengils verður að vera þessum aðilum til aðstoðar, fá heimild til að afla upplýsinga um áhugasvið barnanna og leyfi foreldra til að kanna þátttökumöguleika þeirra. Ef börnin sýna áhuga á þátttöku þá undirbýr íþrótt- og frístundatengill þá aðila sem taka á móti barninu. Hann ræðir við þjálfara/kennara/frístundaleiðbeinanda viðkomandi félags, skóla, frístundar eða félagsmiðstöðvar um hvenær heppilegast sé fyrir barnið að mæta og hvers sé að vænta í fyrsta skiptið. Íþrótt- og frístundatengill fylgir viðkomandi barni eftir þegar það mætir í fyrsta skipti og hjálpar til eftir þörfum.

Áherslan er að hvetja börn á aldrinum 5 - 18 ára sem hafa annað móðurmál en íslensku til að taka þátt í íþrótt- og frístundastarfi. Horft verði til þess að sameina tvö verkefni Vertu með og Velkomin þar sem bæði verkefni eru samfélagsleg verkefni fyrir börn í Kópavogi sem hafa annað móðurmál en íslensku. Markmið beggja verkefna er að hvetja börn og ungmenni með einstaklingsbundnum hætti til þátttöku í samfélaginu í gegnum íþrótt- og frístundastarf. Báðum verkefnum er ætlað að efla andlega, félagslega og líkamlega heilsu barna og ungmenna, virkja þau, valdefla og gera aðlögun þeirra inn í samfélagið Kópavogur betri. Stefnt er að því að vinna næst með Álfhólsskóla hverfið en þar mældist næstmesti fjöldi ÍSAT nemenda sem ekki hafa nýtt frístundastyrki.

Á heildina litið hefur þetta verkefni tekist vel og settum markmiðum verið náð. Þátttaka barna fólst ekki síst í því að taka þátt í rýni á þeirra löngunum og möguleikum til þátttöku í íþrótt- og frístundastarfi og verða þannig virkur þátttakandi í samfélaginu Kópavogur.



5. aðgerð: Hverfisbundnar forvarnaráætlanir.

Markmið aðgerðarinnar var að hefja mótun á og innleiða forvarnaráætlanir í öllum hverfum Kópavogsbæjar með það að markmiði að efla heilbrigði og vellíðan barna í hverfum bæjarins. Hér er um að ræða umfangsmikið verkefni sem byrjað var að huga að í fyrstu aðgerðaráætlun Kópavogsbæjar við innleiðingu Barnasáttmála í starf sveitarfélagsins.

Eftir að þingsályktun 37/150 var samþykkt á Alþingi⁵ breyttist forgangsröðun verkefna og áherslan var lögð á forvarnir gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni. Samkvæmt þingsályktuninni skulu starfa forvarnarteymi innan allra grunnskóla með aðkomu frístunda- og félagsmiðstöðva.

Forvarnarteymi hafa orðið til í öllum grunnskólum Kópavogs. Teymi menntasviðs boðaði forvarnarteymi hvers skóla á vinnufund þar sem farið var yfir stöðu aðgerða í þingsályktun 37/150 og þá sérstaklega þær aðgerðir sem snúa að skólaskrifstofum sveitarfélaganna. Auk þess var óskað eftir þátttöku formanna hvers forvarnarteymis til að vinna viðmið að forvarnaráætlun skóla og frístundaþjónustu í hverju skólahverfi. Unnið var með viðmið fyrir yngstastig, miðstig og unglíngastig auk þess sem sérstaklega var unnið með viðmið fyrir börn og unglínglinga með fötlun. Í samstarfi við teymi menntasviðs og formenn forvarnarteyma er nú búið að vinna viðmið að forvarnaráætlun fyrir hvert aldurstig. Teymi menntasviðs sendi drögin á tengilið hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sem ber ábyrgð á innleiðingu verkefnisins, til að fá álit og ábendingar varðandi viðmið forvarnaráætlana sem hafa orðið til. Fengum við góð viðbrögð á þá vinnu sem þegar var komin. Stefnt er að því á vormánuðum að gefa viðmið forvarnaráætlana út þar sem áherslan er á forvarnir gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi. Viðmið forvarnaráætlana fyrir hvert aldurstig er þrískipt með áherslu á heilbrigði, öryggi og fjölbreytileika. Undir hverju viðmiði eru svo markmið og tillögur að námsefni, verkefnum og leiðum til stuðnings fyrir skólana.

⁵ <https://www.althingi.is/alttext/152/s/0016.html>

Sérstaklega var unnið með viðmið forvarnaráætlunar fyrir börn og unglinga með stuðningsþarfir í samvinnu við stjórnendur skóla- og frístundaþjónustu sem vinna með börnum á grunnskólaaldri með þroskafrávik og aðrar stuðningsþarfir. Í töflu hér að neðan má sjá viðmið forvarnaráætlunar fyrir börn og unglinga með stuðningsþarfir.

Árgangur 1.-10.bekkur	Viðfangsefni	Markmið	Verkefni/leiðir	Ábyrgðaraðili fræðslu:	Hvernig verður fræðslunni fylgt eftir:
	Heilbrigði (Líkaminn minn, kynfræðsla, kynvitund, félagsfærni, seigla og sjálfsefning)	<i>Félagsfærni, seigla og sjálfsefning:</i> - Þjálfva börn í að segja frá þegar það er eitthvað að angra viðkomandi eða þegar þeim líður illa. <i>Líkaminn, kynfræðsla og kynvitund:</i> - Gera börn meðvituð um líkama sinn, tilfinningar sínar, viðeigandi hegðun og kenna þeim að setja persónuleg mörk.	Krakkamir í hverfinu Stopp ofbeldi - Líkami minn tilheyrir mér Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá! Segðu frá! Halló heimur Barnaheill - Tölum um ofbeldi Bangsabæklingur Bókin „ Allir eru með rass “ Félagsfærniþjálfun Tilkynningahnappur – kynning Skólahjúkrunarfræðingur/þroskaþjálfun og upplýsingar um hreinlæti og kynþroska		

Mynd 4: Viðmið forvarnaráætlunar fyrir börn og unglinga með stuðningsþarfir.

Forvarnaráætlunirnar eru settar upp sem viðmið, með ákveðnu flæði í fræðslu þar sem markmiðið er að byggja ofan á þekkingu nemenda á hverju aldursstigi.

Áfram verður unnið að þróun hverfisbundinna forvarnaráætlunar í hverju skólahverfi þar sem skólinn er oft hjartað í hverfinu. Hverfisbundin forvarnaráætlun á að ná til skóla, frístunda, íþrótt- og foreldrafélags í hverju skólahverfi. Forvarnaráætlunirnar eiga að vera lifandi skjal sem tekur meðal annars mið af mælaborði barna, samfélagsumræðu og breyttum áherslum og geta þannig verið breytilegar með hagsmuni barna að leiðarljósi. Á árinu 2023 vann starfshópur á vegum menntasviðs Kópavogsbæjar, í samstarfi við skólasamfélagið, sérstaka aðgerðaráætlun gegn ofbeldi. Hugmyndin varð til við gerð viðmiða forvarnaráætlana og er tilgangur aðgerðaráætlunarinnar að vinna gegn ofbeldi í stofnunum menntasviðs. Aðgerðaráætlunin nær til tveggja ára.

Á mynd 5 hér að neðan má sjá dæmi um viðmið forvarnarvinnu á yngstastigi grunnskólans en stöðugt er unnið að endurmati viðmiða.

Árgangur 1.-4.bekkur	Viðfangsefni	Markmið	Verkefni/leiðir	Ábyrgðaraðili fræðslu:	Hvernig verður fræðslunni fylgt eftir:
	Heilbrigði (Líkaminn minn, kynfræðsla, kynvitund, félagsfærni, seigla og sjálfsefning)	Félagsfærni, seigla og sjálfsefning: <ul style="list-style-type: none"> - Þekking og skilningur á eigin grunntilfinningum. - Skilningur á tilfinningum og upplifun annarra. - Getan til að segja frá þegar það er eitthvað að angra viðkomandi eða þegar honum líður illa. - Hafa trú á eigin hæfni. Líkaminn, kynfræðsla og kynvitund: <ul style="list-style-type: none"> - Gera börn meðvitúð um líkama sinn, tilfinningar sínar, viðeigandi hegðun og kenna þeim að setja persónuleg mörk. - Þjálfá börn í að deila upplýsingum um það sem þeim líður illa yfir. 	Krakkamir í hverfinu Stopp ofbeldi - Líkami minn tilheyrir mér Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá! Segðu frá! Halló heimur Að tala við yngstu börnin um klám Barnaheill - Tölum um ofbeldi Bangsabæklingur Bókin „ Allir eru með rass “ 112 dagurinn Félagsfærniþjálfun Tilkynningahnappur - kynning		

Árgangur 1.-4.bekkur	Viðfangsefni	Markmið	Verkefni/leiðir	Ábyrgðaraðili fræðslu:	Hvernig verður fræðslunni fylgt eftir:
	Öryggi (ofbeldi, áreiti, netöryggi)	Ofbeldi og áreiti <ul style="list-style-type: none"> - Þekkja mismunandi tegundir ofbeldis - Þjáfla börn í að ræða opinskátt um ofbeldi og taka afstöðu gegn því - Fá börn til að segja frá ofbeldi og treysta öðrum - Fá börn til að segja frá kynferðisofbeldi Netöryggi <ul style="list-style-type: none"> - Fræða börn um netöryggi og jákvæða netnotkun. 	Stopp ofbeldi- Leyndarmálið-segjum nei og Segðu frá! SAFT-fræðsluefni Stafræn borgaravitund-Kennsluhugmyndir (Kennsluvefur á vegum grunnskóladeildar Kópavogsbæjar)		

Árgangur 1.-4.bekkur	Viðfangsefni	Markmið	Verkefni/leiðir	Ábyrgðaraðili fræðslu:	Hvernig verður fræðslunni fylgt eftir:
	Fjölbreytileiki (fjölmennning, hinsegin málefni)	Fjölbreytileiki <ul style="list-style-type: none"> - Auka skilning og jákvætt viðhorf gagnvart hinum ýmsum fjölbreytileika sem er í samfélaginu. 	Stopp ofbeldi – Námsefni Litla Kompás-Handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk Samtökin '78 – Fræðsla fyrir 3.bekk Kennarar fá þjálfun og kennsluverkefni í fjölmenningsfræðslu Kennarar fá þjálfun og kennskuverkefni í hinsegin fræðslu		

Mynd 5: Viðmið forvarnarvinnu á yngsta stigi grunnskólans.



6. aðgerð: Barnáping og skóláping.

Markmið aðgerðarinnar er að tryggja að raddir grunnskólabarna heyrist með því að halda árlega skóláping innan allra grunnskóla Kópavogsbæjar þar sem nemendur úr öllum bekkjum skólans fá tækifæri til þátttöku. Á skólápingum eru málefni er snúa að börnum og velferð þeirra á dagskrá. Í framhaldinu er svo árlegt barnáping þar sem saman koma fulltrúar nemenda hvers grunnskóla og ræða niðurstöður skólápinga og forma tillögur sem börn kynna fyrir bæjarstjórn Kópavogsbæjar.

Kópavogsbær, sem Barnvænt sveitarfélag, er stöðugt að leita leiða til að auka lýðræðislega þátttöku grunnskólabarna í málefnum bæjarins, ekki síst í málaflokkum er varða börnin sjálf. Ein af mikilvægari leiðunum eru skólápingin í hverjum grunnskóla og svo í framhaldi barnáping Kópavogs. Lýðræðisleg þátttaka barna í samfélaginu tengist ekki síst 12. og 13. grein Barnasáttmálans.

Meginmarkmið skóla- og barnápinga er að tryggja börnum rödd og að veita þeim þjálfun í að tjá sig og ræða á skýran og uppbyggilegan hátt um þau málefni sem á þeim brenna. Einnig að veita börnum vettvang til að taka virkan þátt í samræðum, rökræðum og geta gert grein fyrir skoðunum sínum. Þannig er skapaður vettvangur til að búa þau undir virka þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Þetta verkefni er orðinn verkferill innan Kópavogsbæjar og allir grunnskólar bæjarins standa að skólápingi ár hvert, annaðhvort seint að hausti eða í byrjun nýs árs. Undirbúningsteymi skólans, sem skipað er fulltrúa skóla, frístundar og félagsmiðstöðvar ásamt fulltrúa ungmennaráðs, aðstoðar við undirbúning skólápinga. Undirbúningsteymi eru einnig sérstaklega hvött til að skoða leiðir til að ná til radda barna í viðkvæmum hópum eins og nemenda með annað móðurmál en íslensku og fatlaðra. Á menntasviði er auk þess teymi með fulltrúum grunn- og frístundadeildar sem styður við undirbúningsteymin í skólunum og tekur jafnframt þátt í að halda utan um barnáping Kópavogs. Teymi menntasviðs stendur að þjálfun undirbúningsteyma skólápinga, en árlega er haldið námskeið fyrir starfsfólk skóla, frístunda og félagsmiðstöðva og þá sérstaklega þá starfsmenn sem veljast til að halda utan um rýnisamtöl og ákvarðanir barna innan hvers skóla. Námskeiðið haustið 2023 hafði yfirheitið *“Lýðræðisleg þátttaka grunnskólabarna”*. Meginmarkmið þess var að efla starfsfólkið þannig að það geti hvatt nemendur til að verða virkir þátttakendur í samfélagslegum ákvörðunum bæjarins. Í marsmánuði hvers árs er barnáping Kópavogs síðan haldið en fyrir þinginu liggja þá tillögur allra skólanna. Á barnáping Kópavogsbæjar mæta sameiginlegir fulltrúar grunnskóla og félagsmiðstöðva auk fulltrúa frá ungmennaráði. Þetta verkefni hefur gengið vel og á barnápinginu 2023 sammæltust fulltrúar skólanna um sex tillögur. Auk þess voru börnin spurð hvað gekk vel á Barnápinginu en eftirfarandi svör voru algengust, sjá mynd 6:

Hvað gekk vel á Barnaþinginu?



Mynd 6: Helstu svör barna um hvað gekk vel á Barnaþinginu 2023.

Tillögurnar sex sem kynntar voru fyrir bæjarstjórn að loknu Barnaþingi Kópavogs 2023 eru eftirfarandi:

Fleiri námsferðir til þess að auka verklegt nám og skapa minningar

Það brýtur upp daginn. Meiri líkur að kynnast fleirum og tengja til dæmis við Íslendingasögur, fara á staðina sem sögurnar gerast. Við erum alltof föst inn í skólanum og í bóklegu námi. Hafa fjáraflanir og auka pening sem er sett í skólana. Svona ferðir geta vakið áhuga á hlutum sem að bækur geta ekki gert.

Frítt í strætó

Frítt í strætó fyrir undir 17 ára til þess að einfalda ferðir í tómsundur og skóla. Vegna þess að margir þurfa að taka strætó í skólann þar sem þau búa langt í burtu. Margir krakkar þurfa að taka strætó í t.d. skólann og á æfingar, það hafa ekki allir efni á því. Það er líka þægileg og léttari leið að komast á milli staða fyrir suma. Það ætti að vera frítt út grunnskólagönguna og síðan helmings afsláttur í menntó.

Kynfræðsla þarf að byrja í 5. - 6. bekk

Sumir eru byrjaðir að taka út kynþroska í 5. bekk og því löngu byrjaðir í 7. bekk. Það er mikilvægt að vita hvað er að fara að gerast við þig, skilja hvað er fram undan eins og hverju þau mega búast við.

Fullt af krökkum vita ekkert um þetta og sumir krakkar sjá eitthvað á netinu eins og klám vídeó sem að er bara ekki rétt leið til að byrja að læra um líkamann/kynlíf.

Fríar hreinlætisvörur fyrir nemendur

Stelpur sem byrja á túr í skólanum eiga að geta fengið tíðavörur. Þær eiga ekki að þurfa koma með að heiman eða skjótast heim úr skólanum. Þær eiga að fá þessar vörur frítt. Þetta ætti ekki að vera spurning þetta ætti bara að vera frítt, þetta er bara hlutur sem gerist og það er ekki eins og stelpur geti gert eitthvað að þessu. Tökum dæmi: ef þú ert að pissa, væri ekki skrítið ef þú þyrftir að borga fyrir klósettpappírinn?


Fartölvur í stað spjalddölvu (alla vega á unglingsstigi)

Í framhaldsskóla og háskóla eru nánast eingöngu notaðar tölvur. Líka í flestum störfum. Mikilvægt er að læra að skrifa með lyklaborði svo það auðveldi að skrifa texta á tölvum. Ef þú ferð í menntaskóla án þess að kunna á fingrasetningu, þá þarftu að læra það og það er vesen. Það þarf líka að skrifa ritgerðir, skila verkefnum. Maður er miklu fljótari að gera ritgerðir ef maður kann fingrasetningu.

Bæta skólakerfið og aðstæður fyrir börn með greiningu.

Það er mjög mikilvægt að krakkar með greiningu sem þurfa að fá hjálp, fái hana. Þau eiga skilið það sama og allir aðrir. Það eru allir frábærir á sinn hátt þau þurfa bara að finna hvað hentar þeim. Ef maður er blindur þá verður að vera blindraletur framan á öllum stofum. Það þarf líka að vera þolinmóður við krakka með ADHD. Það þarf að hjálpa krökkunum með greiningu svo að allir krakkarnir læri jafn mikið. Krakkar með greiningu eiga stundum í erfiðleikum með nám og eiga skilið sömu tækifærin og aðrir. Það er hægt að bjóða upp á aukatíma fyrir þá krakka. Gefum börnum með greiningu sömu tækifæri.

Þær sex tillögur sem barnaþingsmenn voru sammála um að kynna fyrir bæjarstjórn voru í framhaldinu sendar í rafrænt umsagnarferli til allra nemanda í grunnskólum Kópavogs. Með þessu var hægt að sjá hvaða tillögur börnunum þótti mikilvægast og það kynnt á fundi með bæjarstjórn. Niðurstöður kosninganna er að finna í mynd hér að neðan:



Mynd 7: Kosning barna um forgangs röðun tillagna.

Barnáþingsmenn, ásamt fulltrúum í ungmennaráði Kópavogsbæjar, kynntu tillögur barnáþings fyrir bæjarstjóra og bæjarfulltrúum á fundi bæjarstjórnar þann 23. maí 2023 þar sem tillögur barnanna voru ræddar.

Teymi menntasviðs og undirbúningsteymi hvers skóla sá til þess að lokaniðurstöður væru kynntar nemendum innan hvers skóla. Árið 2023 var til að mynda unnið veggspjald sem sent var út í skóla, frístund og félagsmiðstöðvar þar sem börnin gátu séð með myndrænum hætti og texta í hvaða farveg tillögur barnáþings fóru, sjá mynd 8.

2023 Svör við tillögum frá Barnáþingi Kópavogs

01 NÁMSFERÐIR
 Tillaga: Fleiri námsferðir til þess að auka verklegt nám og skapa minningar. Svona ferðir geta vakið áhuga á hlutum sem að bækur geta ekki gert.
 Svar: Grunnskóladeild mun fylgja tillögunni eftir og hvetja skólastjórnendur til að fjölga námsferðum sem auka verklegt nám og tengjast námi nemandna.
 Stjórnendur skóla og félagsmiðstöðva verða hvattir til að skoða möguleika á samstarfi tengt námsferðum fyrir nemendur og gera það í samráði og samvinnu við nemendur.

02 FRÍTT Í STRÆTÓ
 Tillaga: Frítt í strætó fyrir 17 ára og yngri til þess að einfalda ferðir í tómsundur og skóla.
 Svar: Fulltrúi Kópavogsbæjar upplýsir stjórn Strætó um tillöguna.

03 KYNFRÆÐSLA
 Tillaga: Kynfræðsla þarf að byrja í 5.-6.bekk. Sumir eru byrjaðir að taka út kynþroska í 5.bekk og því mikilvægt að vita hvað er framundan. Fullt af krökkum vita ekkert um þetta og sjá eitthvað á netinu eins og klám vídeó sem er ekki rétt leið til að byrja að læra um líkamann/kynlíf.
 Svar: Vika 6 er verkefni sem unnið er í félagsmiðstöðvunum í 6.viku árs í febrúar. Forstöðumenn félagsmiðstöðva og skólastjórnendur verða hvattir til að vinna saman í viku 6 og bjóða upp á fræðslu fyrir nemendur í 5.-10.bekk. Kópavogsbær mun einnig skoða að auka framboð fræðslu og námskeiða fyrir kennara og starfsfólk félagsmiðstöðva um hvernig best er að fræða nemendur um kynlíf og líkamann.

04 FRÍAR HREINLÆTISVÖRUR
 Tillaga: Þau sem byrja á túr í skólanum eiga að geta fengið fríar tíðavörur.
 Svar: Í dag eru tíðavörur aðgengilegar í flestum félagsmiðstöðvum. Lögð verður áhersla á að tíðavörur verði einnig aðgengilegar á klósettum skólanna. Einnig verður auglýst betur hvar tíðavörur eru að finna innan skólans.

05 FARTÖLVUR Í STAÐ SPJALDTÖLVA
 Tillaga: Í framhaldsnámi og flestum störfum eru eingöngu notaðar tölvur. Mikilvægt er að læra að skrifa með lyklaborði svo það auðveldi að skrifa texta á tölvum.
 Svar: Keypt hafa verið lyklaborð fyrir spjaldtölvur og kenna í fingrasætningu verður efið í öllum skólum.

06 BÆTA SKÓLAKERFIÐ OG AÐSTÆÐUR FYRIR BÖRN MEÐ GREINGU
 Tillaga: Það er mjög mikilvægt að krakkar með greiningu sem þurfa hjálp, fái hana. Gefum börnum með greiningu sömu tækifæri.
 Svar: Skólaþjónusta Kópavogs leggur áherslu á að nemendur fái nám við hæfi og stuðning ef þeir þurfa. Reynt verður að gera enn betur í að mæta þörfum allra nemenda. Grunnskólar, frístundir og félagsmiðstöðvar verða hvattir til að vinna saman að því að mæta þeim þörfum svo allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Kópavogsbær | unicef fyrir öll börn

Mynd 8: Svör bæjarstjórnar við tillögum barna á barnáþingi Kópavogsbæjar 2023.

Bæjarstjórn taldi að þessu sinni ekki þurfa viðbótar fjármagn en kom tillögum í farveg innan skóla, stofnana og fyrirtækja eftir því sem við átti. Þó er verið að skoða sérstaklega tillögur sem komu frá ungmennaráði um að gera fræðslusamning við Samtökin '78 og gangi það eftir mun fjármagn fylgja. Tillögum þarf ekki alltaf að fylgja viðbótar fjármagn því oft dugir endurskipulagning á nýtingu fjármagnsins. Fyrir kemur að tillögur eru ekki á forræði sveitarfélagsins, svo sem lengja útivistartíma (sem hefur komið upp) eða hafa frítt í Strætó.

Frekari útskýringar vegna tillagna barna á barnþingi 2023

Fleiri námsferðir til þess að auka verklegt nám og skapa minningar

Margir skólar hafa í framhaldi af tillögunni eftir útinám og ferðir í nærumhverfi skólanna. Þessar ferðir hafa verið innan fjárheimilda þeirra. Að bæta við lengri ferðum er kostnaðarsamara ekki síst vegna kostnaðar við rútuferðir en almennings samgöngur geta ekki og vilja oft ekki taka stóra hópa barna. Við gerð næstu fjárhagsáætlunar verður skoðað að óska eftir frekari fjármagni til að verða við þessari tillögu barnanna.

Frítt í strætó

Strætó er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og því þarf að nást samstaða um þetta mál meðal allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Fulltrúi Kópavogsbæjar í stjórn Strætó fundaði með ungmennaráði Kópavogs í janúar 2023. Þar voru þessi mál rædd sem og fleiri atriði er börnin vildu ræða svo sem leiðarkerfið, aðgengi og strætóskýli. Fulltrúi Kópavogsbæjar í stjórn Strætó mun taka málið upp í stjórn Strætó.

Kynfræðsla þarf að byrja í 5. - 6. bekk

Kynfræðsla er þegar til staðar fyrir þessa bekki en styðja þarf við kennara til að auka gæði fræðslunnar. Kópavogsbær hefur brugðist við með því að bjóða kennurum upp á endurmenntun á sviði kynfræðslumála. Þá er stefnt á rýnihópasamtöl við börn til að skilja betur þarfir þeirra og skilning þeirra á hugtakinu kynfræðsla. Samhliða verður farið yfir viðmið kynfræðslu í forvarnaráætlunum hverfanna.

Fríar hreinlætisvörur fyrir nemendur

Félagsmiðstöðvar eru í skólunum þannig að það eru sömu klósett í skóla og í félagsmiðstöð. Tíðavörur eru aðgengilegar á öllum félagsmiðstöðvum. Hins vegar hefur í sumum þeirra skort nokkuð upp á umgengni og í einhverjum tilvikum orðið til hópamyndun þar sem grínast er með vörurnar og þær fara þá jafnvel á flakk um skólann. Dæmi eru um að vegna þessa hafi þurft að fjarlægja vörurnar. Þegar

til þessa hefur komið hafa börnin verið upplýst um að vörurnar sé hægt að nálgast hjá hjúkrunarfræðingi og ritara. Starfsmenn eru allir af vilja gerðir að vörurnar geti verið á klósettum og munu halda áfram að reyna nýjar leiðir til að svo getið verið.

Fartölvur í stað spjaldtölva (alla vega á unglingsstigi)

Keypt hafa verið lykklaborð við spjaldtölvurnar og kennsla í fingrasetningu verið efld í öllum skólunum.

Bæta skólakerfið og aðstæður fyrir börn með greiningu.

Greiningar svo sem ADHD greiningar eru einstaklingsbundin mál. Stöðugt er reynt að koma til móts við ólíkar þarfir barna bæði með og án greiningar. Þarfir barna, til dæmis með ADHD, eru mjög ólíkar. Það þarf sér úrræði fyrir hvert og eitt barn og sérfræðingar hjálpa til við að vinna sértæk úrræði fyrir hvert barn. Þá vinna skólarnir í samstarfi við félagsmiðstöðvarnar, svo sem með því að skapa möguleika fyrir börn með sérþarfir að læra þar á skólatíma. Þá má ekki gleyma því að mikilvægt er að draga ekki fram sérstöðu barns sem vill ekki að það sé gert.

Þessi aðgerð; Barnaþing og skólaþing, hefur verið í þróun hjá Kópavogsbæ frá því að bærin hóf göngu sína sem Barnvænt sveitarfélag. Þetta er mikið lærdóms- og þjálfunarferli, ekki síst í meira en 40 þúsund manna samfélagi. Nýjar áskoranir koma upp svo sem stækkandi hópur erlendra íbúa og þjónusta við íbúa með fötlun. Sveitarfélagið leggur sig fram um að bregðast við þróuninni og að hlusta á raddir barna þannig að þau séu virkir þátttakendur í framþróun samfélagsins. Leitast verður við að bæta enn frekar svörun vegna tillagna barna.



7. aðgerð: Réttindaskólar.

Markmið aðgerðarinnar var að fjölga í hópi Unicef vottaðra Réttindaskóla en hugtakið er notað fyrir leikskóla, grunnskóla, frístund og félagsmiðstöðvar.

Á árinu 2022 fengu fimm leikskólar í Kópavogi viðurkenningu sem Réttindaskólar Unicef. Í ársbyrjun 2023 hófu fimm nýir leikskólar vegferðina að verða Réttindaskólar en verkefnið tekur um tvö ár og því er stefnt að því að ná viðurkenningunni í ársbyrjun 2025. Í byrjun árs 2024 er svo á dagskrá að fimm næstu skólar byrji vinnuna við að verða Réttindaskólar.

Tíu grunnskólar eru í Kópavogi og árið 2022 urðu tveir grunnskólar, frístund og félagsmiðstöðvar Réttindaskólar Unicef. Þessi vinna er unnin í náinni samvinnu við börn skólanna og í samstarfi við Unicef. Þetta voru Snælandsskóli og Vatnsendaskóli. Báðir þessir skólar hafa hafið vegferðina að nýjum hring í endurnýjun sem Réttindaskólar. Fjórir grunnskólar til viðbótar eru í innleiðingferli. Það eru Álfrólsskóli, Lindaskóli, Kópavogsskóli og Smáraskóli. Góður gangur hefur verið í starfinu hjá þremur fyrstnefndu skólunum og er vonast til að viðurkenning verði í höfn í lok árs 2024. Að ná viðurkenningu fyrir árslok 2023 var of bjartsýnt í aðgerðaáætluninni. Allt tekur þetta sinn tíma í innleiðingu. Smáraskóli þurfti að fresta innleiðingu sinni vegna annarra verkefna og verður því eitthvað seinni að klára sína innleiðingu en þrjár fyrrnefndu grunnskólarnir. Frístund og félagsmiðstöðvar eru partur af starfinu enda tengdar sterkt við skólana sjálfa.

Stefnt er að því að halda þessari vinnu áfram næstu misserin og fjölga í hópi Réttindaskóla Unicef þar til allir skólarnir hafa orðið þátttakendur. Sumir skólanna þurfa að bíða vegna mikilla anna svo sem vegna mannbreytinga og uppskiptingu skóla. Segja má að vel hafi gegnið með þetta verkefni en að það taki aðeins lengri tíma en væntingar standi til um. Vinnan er þó í fullum gangi.



8. aðgerð: Stafræn borgaravitund.

Markmið aðgerðarinnar er að styðja við ábyrga notkun á upplýsingatækni. Að börn þekki helstu reglur um örugg samskipti á stafrænum miðlum og búi sig undir virka þátttöku í nærsamfélagi og alþjóðasamfélagi og geti nýtt upplýsingatækni sér til framdráttar og jákvæðrar þróunar.




Mynd 9: Kennsluefni í fyrsta bekk. Heimild: vefurinn stafræn borgaravitund.

Verkefnahópur var skipaður í samstarfi við alla grunnskóla bæjarins. Námsefni var safnað saman og erlent námsefni frá commonsense.org var þýtt. Vinnustofa til undirbúnings var haldin þar sem kennarar fengu tækifæri til að meta hvaða hæfni er mikilvæg á hverju aldurstigi. Unnin hefur verið viðmiðunarnámskrá út frá því. Vinnan hefur verið leidd af menntasviði Kópavogsbæjar. Settur var upp google site

vefur til bráðabirgða og er hann opin á landsvísu svo fleiri skólar geti nýtt hann en skortur er á útgefnu námsefni á íslensku í landinu. Slóðin á vefinn er: <https://sites.google.com/snjallheimar.is/stafræn-borgaravitund/heim>

Verkefnið hefur fengið heitið *Vitund - stafræn tilvera* og er nýr "alvöru vefur" í sjónmáli vitundin.is. Gert er ráð fyrir að hægt verði að opna vefinn á fyrri hluta árs 2024 og standa prófanir og mat á bæði námsefni og kennsluleiðbeiningum nú yfir. Nemendur taka þátt í því mati með rýnihópasamtali við verkefnahóp *Vitundar – stafræn tilvera* um hvernig þau telja að best sé staðið að fræðslunni og hvort efnið reynist hvetjandi til ábyrgar notkunar á stafrænum miðlum. Ár stafrænnar borgaravitundar hjá Evrópuráðinu verður árið 2025 og því er allt kapp lagt á að vitundin.is verði þá komin vel af stað.

Tveir fulltrúar allra grunnskólanna hafa setið námskeið um stafræna borgaravitund. Skipulögð hefur verið fræðsla til allra kennara og hluti þeirra tekur þátt í prófunum á námsefni. Rýnihópur nemenda fær tækifæri til að segja sína skoðun og hafa áhrif á það hvernig ábyrg netnotkun er kennd og stafræn borgaravitund efld. Langflestir eru sammála um mikilvægi verkefnisins og að fullorðna fólk þurfi að vera góðar fyrirmyndir nemenda. Stefnt er að því að verkefninu ljúki formlega í lok árs 2025 og að það verði kynnt á landsvísu til að hvetja önnur sveitarfélög til innleiðingar á stafrænni borgaravitund í skólastarf. Framgangur verkefnisins 2024 er samkvæmt eftirfarandi mynd:



Mynd 10: Vinnuferli verkefnisins Vitund - stafræn tilvera

Á næsta skólaári er stefnt að því að hefja markvissa kennslu samkvæmt skólanámskrá, námsefni og kennsluleiðbeiningum á vefnum www.vitundin.is. Takist þetta má því segja að markmiði aðgerðarinnar, sem felst í að styðja við ábyrga notkun á upplýsingatækni, verði komin til framkvæmda og Kópavogsbær farinn að búa börn og ungmenni enn betur undir þátttöku þeirra í stafrænum heimi. Það gerir þau betur í stakk búin til að vera virkir þátttakendur í nærsamfélagi og alþjóðasamfélagi. Þau geti nýtt upplýsingatækni sér til framdráttar og styrkt sjálfsmýnd sína en síðast en ekki síst að þau þekki réttindi sín og skyldur í stafrænum heimi.



9. aðgerð: Betra aðgengi að upplýsingum um stuðning fyrir börn og fjölskyldur í Kópavogi.

Markmið aðgerðarinnar er að tryggja gott aðgengi barna og fjölskyldna að upplýsingum og fræðslu um þann fjölbreytta stuðning sem bærinn veitir börnum og fjölskyldum þvert á stofnanir og svið. Auk þess að hafa gott aðgengi að upplýsingum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna með gerð nýrrar gagnvirkar heimasíðu.

Fjölþættar áskoranir voru tengdar innleiðingu þessarar aðgerðar. Í fyrsta lagi áttu sér stað miklar skipulagsbreytingar á velferðarsviði Kópavogsbæjar á innleiðingartímanum. Nýtt skipulag sviðsins var samþykkt í bæjarstjórn 1. janúar 2023 og skrifstofustjórar ráðnir á nýjar skrifstofur sviðsins. Töluverðar mannabreytingar voru í stjórnendateymi sviðsins. Þetta ferli tók talsverðan tíma, enda vandað til verksins. Um það leiti sem nýtt starfsfólk var komið í stöðurnar, uppgötvast alvarleg mygla í húsnæði velferðarsviðs sem varð að loka skyndilega. Grípa þurfti til skjótra aðgerða til að koma starfsfólki fyrir í nýju húsnæði. Ekkert húsnæði gat hýst alla starfsemi velferðarsviðs og því þurftu margir að vinna að heiman. Öðru starfsfólki var komið fyrir á mismunandi stöðum þannig að starfsemi sviðsins var sundrað. Starfsfólk sviðsins náði þó að halda órofinni starfsemi með miklum dugnaði og elju. Það breytir þó ekki því að verkefni eins og þetta þurfti að leggja til hliðar og starfsfólk að einbeita sér að því að halda úti góðri og órofinni starfsemi gagnvart íbúum, ekki síst börnum.

Til að flækja stöðuna enn frekar var á tímabilinu ákveðið að fara í heildarendurskoðun á heimasíðu bæjarins og því varð að setja þetta verkefni í upprunalegri mynd í bið. Hins vegar eru allar grunnupplýsingar um farsæld barna komnar á heimasvæði bæjarins þar sem notendur, og þar með talin börn, geta pantað samband við tengiliði og hafa þannig óheft aðgengi að þeim. Tengiliðir gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að upplýsingagjöf til barna og fjölskyldna þeirra varðandi þann stuðning sem í boði er víðsvegar í kerfinu. Þeir eru staðsettir í nærumhverfi barnanna ýmist í leik-, grunn- eða framhaldsskólum og hægt er að nálgast upplýsingar um þá á heimasíðum skólanna auk áður nefndar síðu á heimsvæði bæjarins. Barna- og fjölskyldustofa hefur sett í loftið mjög góða vefsíðu með öllum helstu upplýsingum um inntak þjónustu í þágu farsældar barna www.farsaeldbarna.is. Vefsíðan er með einfaldri framsetningu í formi styttri texta og myndbanda og hefur verið þýdd á ensku og pólsku. Á heimasíðu Kópavogs, þar sem upplýsingar um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna eru, er tengill á vefsíðuna www.farsaeldbarna.is.

Starfandi er vinnuhópur á vegum *Fléttunnar – farsældar barna* sem vinnur að útfærslu nýrrar framsetningar upplýsinga um þjónustu til barna og fjölskyldna á heimsíðu bæjarins. Stefnt er að því að ljúka því verkefni fyrir árslok 2024. Allar upplýsingarnar verða þýddar á ensku auk þess sem á síðunni verður google

translate hnappur sem þýðir enska textann yfir á hvaða tungumál sem er. Um verður að ræða undirsíðu á heimasíðu bæjarins. Vefsíðan verður kynnt bæði með tenglum inni á heimasíðum leik- og grunnskóla og í gegnum samtöl og ráðgjöf tengiliða. Þá fara samhliða fram kynningar fyrir foreldra og börn um nýju löggjöfina um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem stefnt er að á næsta skólaári.



10. aðgerð: Könnun á viðhorfum fatlaðra barna og foreldra þeirra til þjónustu sveitarfélagsins.

Upprunalegt markmið þessarar aðgerðar var að afla upplýsinga frá fötluðum börnum, ungmennum og fjölskyldum um viðhorf þeirra til þjónustu sem þeim stendur til boða hjá velferðarsviði. Eins og lýst er í skýringum hjá aðgerð 9 hér að ofan urðu ýmsar áskoranir til þess að tafir urðu á verkefni sem þessu. Þess ber þó að geta að nú hefur viðhorfskönnun velferðarsvið verið útbúin og verður send út vorið 2024 þannig að niðurstöður ættu að liggja fyrir áður en fjárhagsáætlunargerð ársins 2025 hefst snemma í haust. Rýnihópasamtöl við börn og ungmenni verða keyrð samhliða könnun meðal foreldra.

Gert var ráð fyrir að upprunaleg aðgerð væri hjá velferðarsviði en þar sem menntasvið þjónustar líka fötluð börn var ákveðið að gera þjónustukönnun meðal þeirra barna sem nýta þjónustu á vegum menntasviðs. Markmiðið er hið sama, að afla upplýsinga frá fötluðum börnum með það að markmiði að tryggja betur að stuðningurinn sé viðeigandi og mæti þörfum þeirra. Menntasvið hefur jafnframt ákveðið að þjónustukönnun verði hluti af reglubundnum þjónustukönnunum menntasviðs.

Menntasvið Kópavogsbæjar stendur fyrir fjölbreyttu frístundastarfi fyrir börn og ungmenni með stuðningsþarfir. Mikilvægt er að meta árangur starfsins og þess vegna var ákveðið að fara af stað með tvennskonar kannanir. Annars vegar þær sem lagðar eru fyrir börnin og hins vegar þær sem lagðar eru fyrir foreldra og forsjáraðila. Rýnihópaviðtöl voru framkvæmd meðal barna og ungmenna þar sem öllum gafst tækifæri á að taka þátt. Hópnum var skipt upp í fjögurra manna hópa. Starfsmaður frístundaþjónustu ásamt starfsmanni frá menntasviði spurðu börnin og ungmennin nokkurra spurninga, þar sem þau voru beðin um að meta árangur og ánægju með starf frístundaþjónustunnar. Markmið var einnig að bjóða foreldrum þátttöku í könnun þannig að foreldrar fengu tækifæri til að meta árangur og segja skoðun sína á þjónustunni við börnin þeirra. Því var sérstök könnun lögð

fyrir foreldra. Meðal þess sem spurt var um var mat á starfinu, aðstöðu, búnaði, lýðræðislegri þátttöku í starfinu, aðkomu að skipulagi starfsins, líðan á staðnum og við hvern börnin/ungmennin ræddu ef þau vildu koma einhverju á framfæri varðandi starfið. Í könnun til foreldra var meðal annars spurt út í aðgengi að upplýsingum, aðgengi að stjórnanda, ánægju með síðdegishressingu, aðstöðu og hvort að þjónustan mætti þörfum barns viðkomandi foreldris/forsjáraðila.

Áður en að rýnihópa viðtölin voru framkvæmd fengu foreldrar/forsjáraðilar sendan póst með upplýsingum um framkvæmd rýnihópaviðtala, upplýsingar um tengiliði verkefnisins, auk þess sem þau fengu upplýsingar um spurningarnar sem ræddar yrðu við börnin/ungmennin og í foreldrakönnuninni.

Niðurstöður könnunarinnar hjá Hrafninum, frístundaþjónustu fyrir börn og ungmenni með stuðningsþarfir

Í töflum 2 og 3 er að finna niðurstöður rýnisamtala við börnin og niðurstöður kannanna meðal foreldra.

Tafla 2: Helstu niðurstöður rýnisamtala við börn og ungmenni.

Styrkleikar	Tækifæri til umbóta
Börnin tjáðu öll ánægju með Hrafninn og að þeim finnst gaman að vera þar. Þau virðast öll eiga gott samband við stjórnendur Hrafnins og á heildina eru þau ánægð með annað starfsfólk og upplifa að þau geti leitað jafnt til þeirra sem stjórnenda. Af svörum þeirra má ráða að þau eigi sér flest vissa aðila í starfsmannahópnum sem þau leiti helst til. Þau upplifa að þau hafi val um hvað þau gera í Hrafninum og komst einn viðmælandi svo að orði: „við megum gera allt sem við viljum, nema það sem er stranglega bannað“. Þau eru almennt ánægð með aðstöðuna og búnaðinn í Hrafninum og finnst þau hafa næg tækifæri til allskyns afþreyingar.	Þó börnin hafi öll verið jákvæð og ánægð með starfið mátti heyra að þau áttuð sig ekki nógu vel á því að þau geti komið með hugmyndir að því sem þau vilja gera. Það gæti þó verið að í þeirri spurningu hafi skilningur ekki verið nægur, þar sem að það kom annars staðar fram hjá þeim að þau hefðu áhrif á val á viðfangsefni og að þau mættu stundum ráða hvað væri í boði. Það er því ljóst að starfið er skipulagt út frá þeirra hugmyndum en þyrfti að skoða leiðir til að þau skilji og upplifi það sjálf. Hér mætti til dæmis nýta hugmyndakassa eða virkara samtal við börnin þar sem þau koma með hugmyndir og fá stuðning til að skilja hvernig þeirra hugmyndir eru nýttar í starfinu.

Lærdómur: Við sáum á viðtölunum að sum barnanna skildu ekki alveg allar spurningarnar, en oftast gekk þó vel að umorða þær. Einnig hefðum við getað haft spurningarnar aðeins opnari, þar sem sum þeirra áttu til að svara bara já eða nei.

Tafla 3: Niðurstöður úr könnun meðal foreldra barnanna.

Styrkleikar	Tækifæri til umbóta
Þegar á heildina er litið eru flestir foreldrar ánægðir með starf Hrafningsins. Stjórnendur Hrafningsins virðast foreldrum aðgengilegir og leggja áherslu á samstarf við foreldra. Þá þykir foreldrum starfsfólk taka fagmannlega á málum sem upp koma og að börnin þeirra geti leitað til þeirra ef eitthvað kemur upp á. Ánægja er með síðdegishressinguna. Flestir foreldrar segjast þekkja til aðstöðu Hrafningsins og eru ánægðir með hana. Foreldrum finnst frístund mæta þörfum barnsins síns varðandi sérstaka þjónustu. Þeim finnst Hrafninn bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni, sem og næg tækifæri til að vera í rólegheitum og næði.	Þó að styrkleikar Hrafningsins séu margir, má alltaf finna tækifæri til umbóta. Þó upplýsingagjöf þyki almennt góð, kom fram að einstaka sinnum mætti hún vera betri varðandi opnanir á starfsdögum og stytum dögum í skólunum. Einnig kom ábending um að gaman væri að heyra meira af því hvað börnin væru að gera frá degi til dags. Í svörum kemur fram að foreldrum finnst að það mættu vera fleiri tækifæri til útiveru. Ein ábending kom um að almennu starfsfólki hætti til að gleyma sér í spjalli sín á milli eða vera í símanum sínum, í stað þess að aðstoða börnin í leik eða við samskipti.

Lærdómur: Að skoða vel tækifæri til úrbóta og ræða við starfsfólk um niðurstöðurnar.

Niðurstöður könnunarinnar hjá Höfuð-Borgin - frístundþjónustu fyrir ungmenni með stuðningsparfir


Tafla 4: Niðurstöður rýnivíðtala við þjónustupega.

Styrkleikar	Tækifæri til umbóta
Ungmönnum líður vel í Höfuð-Borginni og finnst viðfangsefnið og afþreyingin bæði skemmtileg og fjölbreytt. Einn komst svo að orði að þar væri gott og öruggt að vera og að þangað væru þau komin til að „njóta félagslífsins og vera með öðru fólki úr samfélaginu“. Þau virðast eiga gott samband við stjórnendur Höfuð-Borgarinnar, sem og aðra starfsmenn. Þeim finnst þau geta leitað til starfsfólksins, komið með hugmyndir og að á þau sé hlustað. Ásamt því að koma hugmyndum beint til starfsmanna, töluðu þau einnig um stóran fund þar sem þau voru spurð hvað þau langi til að gera. Samkvæmt forstöðumanni eru þau þar að vísa til reglulegra funda þar sem leitað er markvisst eftir hugmyndum þeirra fyrir dagskrágerð.	Það kom ekki fram nein gagnrýni á starfið í Höfuð-Borginni frá viðmælendum, né var hægt að finna neitt á svörum þeirra sem gæfi til kynna tækifæri til umbóta á starfinu sjálfu. Nema nefnt var að lyftan hefði verið með einhver leiðindi og gaman væri ef hægt væri að kaupa þythokkíborð. Skemmtilegt er að segja frá því að farið var beint í að panta þythokkíborð og verður það sett upp á næstu dögum.

Tafla 5: Niðurstöður foreldrakönnunar barna í Höfuð-Borginni.

Styrkleikar	Tækifæri til umbóta
Meirihluti forsjáraðila er ánægður með Höfuð-Borgina þegar á heildina er litið. Þau eru sátt við upplýsingagjöf og aðgengi að stjórnendum Höfuð-Borgarinnar og finnst þörfum síns ungmennis, varðandi sértæka þjónustu, vera mætt. Þau upplifa einnig að ungmennið sitt geti leitað til starfsfólks ef eitthvað kemur upp á og að tekið sé fagmannlega á þeim málum sem koma upp. Þeim finnst dagskráin fjölbreytt.	Óskað var eftir því að kvöldopnun væri vikulega, þar sem mikill spenningur væri fyrir henni og það væri það eina sem þau gerðu eftir kvöldmat með jafnöldrum sínum. Einnig kom fram ósk um að bæta við leikföngum/tómstundatækjum/spilum fyrir börn með fjölþættar þarfir.

Á hverju hausti skila stofnanir menntasviðs af sér starfsáætlunum fyrir starfsárið. Þessar starfsáætlanir eru lagðar fyrir menntaráð til samþykktar. Að vori eru stjórnendur boðaðir í samtal til að ræða umbótaáætlanir á starfsáætlunum hverrar stofnunar. Á þessum fundum verður farið í gegnum leiðir til að bregðast við ábendingum barnanna og foreldra/forsjáraðila þeirra.



11. aðgerð: Umferðaröryggi barna.

Markmið þessarar aðgerðar var að bæta öryggi barna í umferðinni í samræmi við umferðaröryggisáætlun og aðgerðaráætlun Kópavogsbæjar um bætt umferðaröryggi og fækkun slysa og óhappa í umferðinni. Með þessu móti er lögð enn meiri áhersla á forvarnir þannig að börn geti verið örugg á leið sinni til og frá skóla, í frístund, félagsmiðstöðvar og tómstundir. Í gegnum barnaþing geta börn komið með ábendingar í þessum málaflokki eða með því að senda inn ábendingu um það sem betur mætti fara í gegnum heimasíðu bæjarins. Að öðru leiti er ekki um beina þátttöku barna að ræða í þessari aðgerð heldur stuðst við verkfræðilega útreikninga og hönnun fagaðila þar sem öryggi barna er haft að leiðarljósi.

Aðgerðir sem voru á áætlun hafa allar klárast á tilsettum tíma. Þær helstu eru listaðar upp í eftirfarandi töflu:

Tafla 6: Yfirlit yfir helstu verkefni til að efla umferðaröryggi barna.

Aðgerð í áætlun sem er lokið	Áhrif eftir aðgerð
Að útbúnar verði gönguþveranir á gatnamótum Hrauntungu og Grænutungu og gatnamót endurmótuð til að tryggja öryggi barna.	Engin slys hafa verið tilkynnt á þessum stöðum eftir að breytingar kláruðust.
Sett upp girðing við enda göngustígs við Grænutungu til að koma í veg fyrir að börn hjóli eða gangi beint út á götu þar sem göngustígnum sleppir.	
Útbúin hefur verið upp hækkuð gönguþverun á Borgarholtsbraut við ærslabelg til að auka öryggi barna sem fara til og frá ærslaberg.	
Gatnamót Kjarrhólma og Grænatúns voru endurmótuð og settar upphækkaðar gönguþveranir á göturnar auk þess sem lýsing var bætt á svæðinu.	
Endurbætur á gönguþverun á Hlíðarvegi þar sem hún var færð til svo hún myndi falla betur að göngustígum sem koma að henni auk þess sem strætóstoppistöð var endurgerð.	
Búið er að breikka göngu- og hjólastíg meðfram Fífuhvammsvegi á milli Lindarvegs og Arnarnesvegjar til að aðskilja umferð gangandi og hjólandi vegfarenda. Bæði Lindaskóli og Salaskóli eru í nálægð við Fífuhvammsveg.	
Gerðar hafa verið úrbætur á bílastæði við Lindaskóla með það að markmiðið að aðskilja betur umferð gangandi og vélknúinna ökutækja og bæta þar með öryggi barna.	
Setja upp gangbrautarljós á Smárahvammsvegi og þrengja götuna til að tryggja gönguleiðir í og úr Smáraskóla.	
Málaðar hafa verið gangbrautarrendur (sebrabraut) við gatnamót Vesturvarar og Hafnarbrautar og Vesturvarar og Bakkabrautar. Gangstéttarkantar hafa jafnframt verið teknir niður til að auðvelda aðgengi.	Engin slys hafa verið tilkynnt við gatnamótin frá því að sebrarendur voru málaðar. Umferðarhraði er þó enn of mikill á gatnamótunum og þarf að fara í frekari aðgerðir til að ná honum niður, til dæmis með því að þrengja götuna, setja miðeyju eða annað sem þarf til. Ekki hefur enn verið tekin lokaákvörðun um í hverju þessar aðgerðir muni felast.

Þessi verkefni eru öll byggð á verkfræðilegu mati til að tryggja öryggi barna. Engar ábendingar eða fyrirspurnir komu frá börnum í tengslum við þessar aðgerðir. Hins vegar bárust athugasemdir frá fullorðnum einstaklingum sem settu sig upp á móti framkvæmdunum þar sem þeir töldu að breytingarnar orsökuðu skerðingu á aðgengi bíla, aka þyrfti hægar og að skerðing yrði á bílastæðum til dæmis við gatnamót og gangbrautir.



12. aðgerð: Aukin þátttaka barna í skipulagsmálum.

Markmið aðgerðarinnar er að skapa vettvang fyrir börn til að taka þátt í umræðu um deiliskipulag innan bæjarins. Auka vitneskju barna um skipulag og möguleika þeirra á að hafa áhrif á nærumhverfi sitt. Samkvæmt svörun leiðbeinandi spurningarlista getur Kópavogsbær bætt sig í samaráði við börn þegar kemur að skipulagsmálum.

Samráð var haft við börn um nýtt hverfi í Vatnsendahvarfi þar sem gert er ráð fyrir 500 íbúðum, samreknum leik- og grunnskóla fyrir yngstastig ásamt grænum svæðum. Við vinnu við deiliskipulag Vatnsendahvarfsins voru haldnar vinnustofur með nemendaráðum Hörðuvallaskóla og Vatnsendaskóla. Þær fóru fram 25. og 30. mars 2022. Á vinnustofunum var vinnslutillaga deiliskipulags kynnt fyrir börnunum og í kjölfarið unnu fulltrúar nemenda úr skólunum verkefni um útsvæði og samgöngur í nýju hverfi á Vatnsendahæð. Nemendur kynntu í framhaldinu hugmyndir sínar.

Í umræðum um nærumhverfið sitt fjölluðu börnin um hvað þeim finnst vanta í hverfið sem þau búa í og hvað mætti vera betra. Í annarri umræðu fjölluðu þau um nýtt hverfi á Vatnsendahæð þar sem þau voru spurð hvernig útivistarsvæði þau vildu sjá í nýju hverfi. Þá voru þau spurð sérstaklega hvar gott sé að hafa göngu- og hjólastíga í nýju hverfi. Margar góðar hugmyndir komu frá börnunum sem skipulagsdeild vann úr og tekið var tillit til í frekari vinnu við skipulag hins nýja svæðis. Ein af hugmyndum frá börnunum var að hafa sleðabrekku í hverfinu og var brugðist við því með hönnun slíkrar brekku.

Í tengslum við breytingu á deiliskipulagi Lundar svæðisins var efnt til samráðsfundar við börn í Snælandsskóla, sem er tengdur við hverfið, um leiktæki í Lundi. Fundurinn var haldinn í apríl 2023. Á fundinum voru börnin beðin um að miðla skoðunum sínum um hvað þeim fyndist mikilvægast að hafa fyrir börn á svæðinu en líka hvað þeim fyndist mest áriðandi. Þau fylltu út í matrixu þar sem þau drógu þessa þætti fram og kynntu fyrir hvort örðu sem og starfsfólki umhverfissviðs sem sat fundinn með börnunum. Þá voru börnin sérstaklega beðin um að fjalla um leiktæki og hverskonar tæki þau myndu vilja sjá á svæðinu. Margar góðar ábendingar komu fram á fundinum en auk þess komu fram hugmyndir sem hægt verður að nýta við skipulagningu fleiri svæða.

Þá er mikilvægt að taka það fram að við skipulag afmarkaðra verkefna svo sem þegar velja skal leiktæki á skólalóðir þá ráðfæra starfsmenn sig við börn hverfisins um val á leiktækjum.



Innleiðing verkefnisins Barnvæn sveitarfélög – reynsla í Kópavogi –

Vinsamlegast svarið eftirfarandi spurningum í þessum kafla:

- Hvaða áhrif hafði innleiðingin (urðu varanlegar breytingar á einhverjum þáttum í starfsemi sveitarfélagsins, hvað heppnaðist vel og hvað illa)?
- Hvað telja ólíkir aðilar innan sveitarfélagsins hafa heppnast vel og hvað illa? (ræðið sérstaklega við meðlimi stýrihóps og ungmennaráð).

Kópavogsbær hefur unnið að verkefnum er tengjast innleiðingu Barnasáttmála frá því í ársbyrjun 2018. Fjöldi verkefna hafa orðið til frá því að innleiðingin hófst og hafa mörg þeirra orðið hluti af daglegum störfum innan sveitarfélagsins. Starfsfólk er ekki endilega að tengja við einstakar greinar Barnasáttmálans í hvert sinn, heldur lítur meira á verkefnið sem sjálfsgöð verkefni sem tengist almennum réttindum barna. Það er alveg ljóst að margar varanlegar breytingar hafi orðið í báðum „hringferðum“ Kópavogsbæjar í að innleiða Barnasáttmálann inn í starf bæjarins og vera þannig Barnvænt sveitarfélag.

Margt hefur heppnast vel í vegferð okkar sem barnaréttinda miðað samfélag. Við finnum fyrir stolti yfir því að mörg verkefna bæjarins, tengd innleiðingu Barnasáttmálans, hafa vakið athygli innanlands og jafnvel út fyrir landsteinana. Við höfum víða verið beðin um að miðla af reynslu okkar og það höfum við gert með ánægju. Verkefnið Okkar skóli hefur tekist sérlega vel og gaman að sjá hvernig börnin takast á við að stjórna og vinna þetta lýðræðislega verkefni. Þeir leik- og grunnskólar sem eru Réttindaskólar eru sérstaklega meðvitaðir um þetta verkefni. Það má þó alltaf gera betur og í einhverjum tilvikum var verkferlið full þröngt. Við reynum þó að læra af reynslunni og höfum náð að færa verkið nær börnunum sjálfum. Dæmi eru um að börn hafi sjálf viljað vinna með útfærslur verkefnanna, til dæmis í Snælandsskóla þar sem börnin sjálf máluðu klifurveggina sem þau völdu að setja upp fyrir peningana í Okkar skóla. Hér eru ákvarðanir og verkin sjálf í höndum barnanna.

Vinnan með Réttindaleikskólana hefur gengið vel og ekki síst ánægjulegt hvernig tekst að vinna með börnunum á leikskólastiginu. Það er almennt mikil vakning fyrir lýðræðislegum vinnubrögð meðal barna en líka fullorðinna hjá sveitarfélaginu. Verkferill skóla- og barnapings er kominn til að vera og verður stöðugt skemmtilegra verkefni fyrir alla. Ferlið er rýnt árlega til að snúa veikleikum í styrkleika. Velkomið verkefnið er sömuleiðis komið til að vera og hefur reynst mjög vel.

Það má þó alltaf gera betur enda er verkefnið Barnvænt sveitarfélag mikið lærdómsferli. Þannig teljum við til dæmis að sum verkefnanna þurfi enn meiri

eftirfylgni innan sveitarfélagsins. Þótt skóla- og barnaþingin hafi tekist vel þá má vinna það enn lýðræðislegar en nú er. Ekki síst hvað varðar val á börnum til að taka þátt.

Við teljum að á heildina litið sé starfsfólk að verða meira vakandi fyrir því að finna leiðir fyrir börnin að vera virkir þátttakendur, þótt enn séu dæmi um að starfsfólk telji að „þetta eða hitt“ passi ekki að hafa börn með í og jafnvel að skoðanir fullorðinna séu mikilvægari en skoðanir barna. Í slíkum tilvikum skapast sú hættu að ákvarðanir séu ekki endilega þær bestu fyrir hagsmuni barna. Í næsta hring er vonast til að innleiða Barnvænt hagsmunamat og að það muni styðja betur við ákvarðanatöku með hliðsjón að hagsmunum barna.

Ungmennaráð er mjög ánægt með tilurð skóla- og barnaþings og þeim finnst þau hafa rödd innan sveitarfélagsins en vilja að henni sé fylgt betur eftir. Fyrir komi að starfsfólk eða aðrir komi á fund þeirra til að ræða um verkefni eða viðfangsefni og kalla eftir hugmyndum frá þeim. Það vanti að upplýsa börnin um það hvernig leyst var úr því verkefni sem um var rætt – hvað varð um þá hugmynd sem þau komu með?

Fulltrúum ungmennaráðs þótti síðasta barnaþing mjög flott og vel heppnað. Þeim finnst áhugavert að taka tillögurnar frá skólunum og skoða þær betur og hugsa aðeins dýpra hugmyndirnar sem þau voru að leggja til. Þeim fannst skólaþingin rosalega flott og gott að geta fengið að heyra hugmyndir allra nemendanna. Þau hafa lagt sig fram um að hlusta sérstaklega á hvað unglíngarnir og miðstigið hafi að segja. Þeim finnst peningurinn í verkefninu Okkar skóli hafa verið nýttir á góðan hátt og hafi kennt þeim enn meira um Barnasáttmálann og réttindi barna.

Það sem betur mætti fara er meðal annars meiri fræðsla um hvað verkefnið Barnvænt sveitarfélag feli í sér. Það er ekki nægur skilningur á því hvað það þýði að vera Barnvænt sveitarfélag og því telja þau ljóst að ekki séu allir skólar að kynna verkefnið nógu vel. Þá bentu þau á að skoða þurfi hvernig staðið sé að vali til þátttöku í verkefni eins og skóla- og barnaþing og að þess sé gætt að allir fái tækifæri til að bjóða fram krafta sína. Ein athugasemdin var að í einum tilteknum skóla virtist eins og aðeins hefði verið leitað til nemendaráðs varðandi fulltrúa og ekki hafi verið haldið skólaþing, heldur bara réttindaráðið sem tók ákvarðanir um hvaða tillögur færu frá skólanum á barnaþingið. Annar aðili nefndi einnig að það þyrfti að kynna betur ungmennaráð Kópavogs í sínum skóla og sjá til þess að allir nemendur vissu hvað það væri, meðal annars til að þau geti boðið sig fram ef þau hafa áhuga. Þá myndi ungmennaráð gjarnan vilja fá meiri aðstoð við að koma fram fyrir bæjarbúa og auglýsa ráðið betur.

- **Hvernig meta hinir fullorðnu í stýrihópnum tækifæri barna og ungmenna til þátttöku í verkefninu?**

Hinir fullorðnu voru almennt sammála um að erfitt getur reynst að ná samtalinu við börnin og að of oft komist börnin ekki á fundi stýrihóps. Stýrihópur þurfi því að endurskoða fundartíma og fundarstað og jafnvel vera duglegri að fara á vettvang barnanna, í skólana, félagsmiðstöðvar eða í Molann. Þá væri gott að bjóða upp á veitingar sem börnum falli í geð á fundum.

- **Ræðið við ungmennaráð um upplifun þeirra af tækifærum til þátttöku í verkefninu og gerið samtalinu stuttlega skil hér.**

Fulltrúum ungmennaráðs finnst hafa verið áhugavert að fá að taka þátt. Þeim finnst að í þeim málum sem við ræðum sé tekið mark á þeirra skoðunum og hugmyndum og að það gerist eitthvað í framhaldinu. Þeim finnst þau vera að hafa áhrif.

Þá finnst þeim að fleiri í ungmennaráði ættu að vera í stýrihópi, jafnvel bara allt ungmennaráð. Fulltrúar í stýrihópi komast ekki alltaf á fundi og þá geta aðrir stigið inn og tekið boltann. Þá aukast líkurnar á því að alltaf komist einhver á fundina.

Þeim finnst rosalega gott tækifæri að fá að tala við bæjarstjórnina og það finnst þeim vera svona mikilvægasta verkefnið þeirra.

- **Stuðlaði verkefnið að barnvænni stjórnsýslu eða nálgun við málefni innan sveitarfélagsins og þvert á svið þess? Hvernig heppnaðist að innleiða verkefnið með heildrænum hætti innan sveitarfélagsins?**

Eftir að Kópavogsbær hóf innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hefur orðið mikil breyting og verkefnið stuðlað að barnvænni stjórnsýslu á öllum sviðum. Áhrifanna gætir þó mest á menntasviði bæjarins enda það svið oftast og mest í samskiptum við börn og foreldra þeirra.

- **Hvernig tóku íbúar sveitarfélagsins eftir því að innleiðing verkefnisins var í gangi?**

Kópavogsbær hefur frá upphafi haft aukaspurningar í árlegum þjónustukönnunum sveitarfélaga þar sem spurt hefur verið um þekkingu íbúa á starfi sveitarfélagsins sem Barnvænt sveitarfélag. Niðurstöðurnar benda til fremur lítillar þekkingar íbúa á starfinu og í hverju það felist. Vonast hefur verið til að þessi þekking aukist með auknum fjölda Réttindaskóla þar sem það starf stendur foreldrum nær en starf sveitarfélagsins. Það hefur þó ekki orðið, ekki enn að minnst kosti. Til að auka þekkingu landsmanna á Barnasáttmála og verkefninu Barnvænt sveitarfélag teljum við að samstarf við Unicef á landsvísu væri mjög hjálplegt.

- Hvaða lærdóm má draga af innleiðingu verkefnisins? Hverju er mikilvægt að halda til haga vegna framtíðar verkefnisins? Hvað mætti gera öðruvísi í næsta hring innleiðingarinnar, hverju þarf að halda áfram?

Verkefnið, eins og það er sett upp, er umtalsverð vinna sem getur sennilega reynst sumum sveitarfélögum áskorun. Sveitarfélag starfar eftir sveitarstjórnarlögum og öðrum lögum og reglugerðum um starf sveitarfélaga meðal annars farsældarlögunum. Mögulega ætti að skoða hvernig verkefnið Barnvænt sveitarfélag getur verið hluti af þeirri umgjörð því almennt má segja að fyrir verkefni eins og Barnvæn sveitarfélög þarf að vera til staðar þverpólískur vilji.

Barnaskýrsla

Ef ungmennaráð hefur skilað skýrslu í rituðu máli skal afrita hana hér. Ef skýrsla þeirra er hinsvegar á öðrum miðlum skal senda hana með í tölvupósti til UNICEF á barnvaensveitarfelog@unicef.is

Ef skýrslu var skilað á öðru formi væri gagnlegt að setja hlekk á hana hér ef það er mögulegt eða a.m.k. skýra frá því á hvaða formi henni var skilað.

Ungmennaráð skilar skýrslu sinni á myndbandsformi og mun senda á Unicef.

Samantekt

Heilt yfir er óhætt að segja að innleiðing aðgerðaráætlunarinnar hafi tekist vel þrátt fyrir óvæntar áskoranir sem höfðu áhrif á starfsemi innan sveitarfélagsins og gerð er grein fyrir hér í þessari lokaskýrslu. Við teljum að í þessum aðgerðahring hafi tekist betur en áður að tengja verkefnið við lögbundna og hefðbundna starfsemi sveitarfélagsins. Það teljum við vera eina af grunnforsendum velgengni og framtíðar innleiðingar Barnasáttmála í starf sveitarfélags. Vænlegt gæti verið að hætta að líta á þetta sem sérstakt verkefni heldur sjá þetta sem hluta af reglubundinni starfsemi sveitarfélags. Það er, að virða réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum og veita börnum svigrúm til þátttöku og að hafa rödd sem hlustað er á og tillit er tekið til.

Við munum áfram leggja okkur fram um að hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í starfi bæjarins og að til hans sé horft í allri starfsemi. Við erum komin vel á veg í þeirri vegferð þótt enn sé af nægu að taka. Framþróun er hröð og við viljum fylgja henni sem frekast við getum auk þess að vera virkir þátttakendur í að bæta starf Barnvænna sveitarfélaga á Íslandi og þótt víðar væri leitað.